

Júðódeild Ármanns

Skýrsla stjórnar 2008





Júdoeild Ármanns

Stofnuð 1957

Skýrsla stjórnar Júdoeildar Ármanns fyrir starfsár 2008

Kæru félagar

Árið 2008 var gott júdóár á Íslandi og er mikil gróska í íþróttinni um þessar mundir. Þrjú öflug júdófélög eru nú starfrækt í Reykjavík en þau eru, auk okkar Ármenninga, ÍR og JR. Utan höfuðborgarinnar eru Selfyssingar, Akureyringar og Grindvíkingar í mikilli sókn og stofnaðar hafa verið júdoeildir hjá Þrótti í Vogum og hjá Samherjum í Eyjafjarðarsveit. Þessi gróska er að skila sér í miklum fjölda ungs júdófólks sem fjölmennir á hin mörgu mót sem haldin eru á vegum JSÍ og aðildarféлага og ætti því framtíð íþróttarinnar að vera björt.

Júdoeild Ármanns á ríkan þátt í þessum uppgangi íþróttarinnar. Nú eru starfræktir hjá okkur hópar fyrir iðkendur á öllum aldri, allt frá krílatímum fyrir 3 – 6 ára börn, yngri og eldri barnaflokkum, unglingsflokkum upp í fullorðins- og meistaraflokka. Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá börn og foreldra koma saman til okkar á æfingar og jafnvel eru nokkur dæmi um ömmur og afa sem leggja stund á íþróttina með barnabörnum sínum. Katatímar sem Yoshihiko Iura og Björn Halldórsson hafa staðið fyrir eru að verða vel kynntir og þátttakendum fjölgar stöðugt. FitFight er önnur nýbreytni sem fór af stað í janúar. Þar er um að ræða blöndu af þrek- og styrktaræfingum ásamt kennslu í sjálfsvörn sem byggð er á júdó. Markhópur FitFight tímanna er ekki síst foreldrar iðkenda í yngri flokkum deildarinnar.



Blöndal tvíburarnir takast á.

Það er okkur kappsmál að bjóða upp á fjölbreytta tíma sem henta sem breiðustum hópi fólks. Fólk á öllum aldri á að geta fundið eitthvað við sitt hæfi hjá okkur, hvort sem það leitar að léttari og skemmtilegri líkamsrækt í góðum félagsskap eða það ætlar sér langt á keppnisvöllinum og stefnir jafnvel á alþjóðlegan keppnisferil og þátttöku á Ólympíuleikum.

Glímufélagið Ármann

Glímufélagið Ármann, elsta starfandi íþróttafélag landsins, hélt upp á 120 ára afmæli sitt laugardaginn 11. október síðastliðinn. Á fjölskylduskemmtun sem haldin var í Laugabóli um daginn sýndu íþróttamenn hinna ýmsu deilda Ármanns færni sína og var gerður góður rómur að glæsilegu sýningaratriði júdoeildarinnar. Um kvöldið var svo skemmtun þar sem Ármenningar á öllum aldri kom saman. Var skemmtunin vel sótt og góð stemming í hópnum.

Í desember var valinn íþróttamaður Ármanns og efnilegasti íþróttamaðurinn. Valið fer þannig fram að hver deild tilnefni fólk úr sínum röðum og aðalstjórn velur svo hver þeirra hljóta nafnbótina það árið. Að þessu sinni voru það frjálsíþróttakonur sem í báðum tilfellum urðu hlutskarpastar: Ásdís Hjálmsdóttir spjótkastari var valinn íþróttamaður Ármanns og sjöprautarkonan Helga Margrét Þorsteinsdóttir efnilegust. Júdomaður ársins var Bjarni Skúlason og efnilegasti júdomaðurinn var talinn Stefán Ingi Ómarsson.



Júdódeild Ármanns Stofnuð 1957

Það er ánægjulegt að fylgjast með þeirri miklu uppbyggingu sem á sér stað innan Glímufélagsins Ármanns um þessar mundir. Grasrótin er virk í mörgum deildum félagsins og árangurinn af því er fjölgun þátttakenda. Það er gríðarleg lyftistöng fyrir félagið að vera nú með megnið af sinni starfsemi undir einu þaki í Laugabóli í stað þess að vera dreift um allan bæ eins og áður var.

Þátttaka í mótum

Að venju voru júdómenn úr Ármanni sigursælir á mótum ársins. Við eignuðumst tvo Norðurlandameistara, þá Bjarna Skúlason og Þorvald Blöndal og verður að teljast frábær árangur að við skildum eiga 2 af 7 Norðurlandameisturum karla.

Íslandsmót fullorðinna var haldið 26. apríl og þar gerðu keppendur okkar sér lítið fyrir og hirtu helming Íslandsmeistaratitla ársins; 7 af 14 mögulegum! Hápunktur mótsins var í sveitakeppninni þar sem sveitir Ármanns og JR glímdu til úrslita. Viðureign liðanna var eins spennandi og frekast má vera. Þegar sex glímum af sjö var lokið var staðan jöfn, þrjár vinningar gegn þremur. Loka glíman milli þeirra Þorvaldar Blöndal og Þormóðs Jónssonar var því hrein úrslita viðureign. Þegar nokkuð var áliðið glímuna náði Þorvaldur armlás á Þormóði sem dugði til að yfirbuga Þormóð og tryggja þar með Ármenningum sigur í þessari hörku spennandi sveitakeppni.

Á Íslandsmóti yngri flokka eignuðumst við 5 Íslandsmeistara en það voru þeir Örn Leó Jóhannsson, Gunnlaugur Helgason og bræðurnir Birgir Páll og Stefán Ingi Ómarssynir. Stefán varð tvöfaldur Íslandsmeistari, bæði í flokki 15 – 16 ára sem og í flokki 15 – 19 ára.



Anna Soffía í baráttunni

Árangur Ármenninga hefur líka verið eftirtektarverður það sem af er árinu 2009. Er þess skemmst að minnast að um nýliðna helgi, 20. – 22. febrúar vann Anna Soffía Víkingsdóttir til gullverðlauna á hinu sterka alþjóðlega móti Matsumae cup.

Frábær árangur hjá Önnu sem er í mikilli sókn og verður spennandi að fylgjast með henni á næstunni. Árangurinn á Afmælistóti JSÍ í janúar var sömuleiðis glæsilegur en þar vann okkar fólk til 6 gullverðlauna af þeim 11 sem í boði voru í flokki fullorðinna. Í janúar var svo haldið hið árlega alþjóðlega mót Reykjavík International Games (RIG) á vegum ÍBR. Ármenningar sáu um framkvæmd júdómóts leikanna og var sú framkvæmd okkur til mikils sóma. Árangur Ármenninga á mótinu var frábær en 6 af 8 gullverðlaunum komu í okkar hlut.

Júdódeildin hefur á liðnu ári úthlutað keppnisstyrkjum til keppnisfólks sem þykir skara framúr í keppni og á æfingum. Styrktarsjóður deildarinnar hefur verið að byggjast upp í nokkur ár, en var formlega stofnaður á síðasta ári og ber hann nafn síns helsta velgjörðamanns og yfirþjálfara deildarinnar, Lura-sjóðurinn.

Störf stjórnar

Störf stjórnar Júdódeildar Ármanns undanfarið ár hafa miðað að því að styrkja innviði deildarinnar og fjölga iðkendum, sérstaklega í yngri flokkum. Stórt skref í þessa átt var stigið með nýrri heimasíðu deildarinnar sem við erum afar stolt af og er lykilatriði í að kynna deildina út á við. Þegar góð heimasíða var komin í loftið var hægt að byrja að auglýsa og var nokkru fé varið til markaðssetningar í



Júðódeild Ármanns Stofnuð 1957

haust og eins nú um áramótin. Árangur markaðssetningar deildarinnar hefur verið umtalsverður, sérstaklega tókst vel til um áramótin og varð töluverð fjölgun í kjölfarið.

Mikilvægasta markaðsstarfið felst þó að sjálfsgöðu í að skapa umgjörð sem iðkendur og forráðamenn eru ánægðir með. Með því að styrkja innviði deildarinnar, vanda val þjálfara og með þeirri frábæru aðstöðu sem við búum að í Laugabóli teljum við okkur tryggja okkar fólki bestu mögulegu skilyrði til leggja stund á sína íþrótt.

Grasrótin

Lykilatriði í því að byggja sterka júðódeild er að virkja grasrótina. Það eru mörg handtök sem þarf að inna af hendi í rekstri deildarinnar og eru þau meira og minna unnin í sjálfbóðastarfi af fólki sem vill leggja sitt af mörkum. Nýstofnað foreldrafélag hefur séð um veitingasölu á tveimur síðustu mótum sem við höfum haldið í Laugabóli og bindum við vonir við að það muni láta til sín taka á ýmsum vettvangi á næstu mánuðum og misserum. Önnur dæmi sem má nefna um hin mörgu verkefni sem félagar í deildinni taka reglulega að sér eru: dómgæsla, kynningarstarf, umsjón móta, video- og ljósmyndataka á mótum og vinna tengd skemmtunum og félagslífi.

Störf þessa fólks eru ómetanlegur þáttur í starfi deildarinnar og eru því hér með færðar bestu þakkir fyrir. Eins eru þeir sem vilja leggja starfi deildarinnar lið hvattir til að láta til sín taka, næg eru verkefni fyrir viljugar hendur.

Júðódeild Ármanns er elsta júðódeild landsins og erum við stolt af glæsilegri sögu hennar. Á þeim trausta grunni sem deildin stendur munum við halda áfram að byggja með það að markmiði að hér eftir sem hingað til verði Ármann leiðandi félag í júðó á Íslandi.



Biggi tryggir sér sigur á AM 2009